

Nd.

2. Frumvarp til laga

[2. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, lögum nr. 99 18. des. 1950 og lögum nr. 87 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað orðsins „kennslumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945, komi: samgöngumálaráðuneytinu.

2. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 16. gr. sömu laga, komi: samgöngumálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 18. gr. sömu laga, komi: samgöngumálaráðuneytið, og í stað orðsins „Norðfirði“, í sömu grein, komi: Neskaupstað.

4. gr.

19. gr. sömu laga, sem er ákvæði til bráðabirgða, falli niður.

5. gr.

3. gr. laga nr. 99 18. desember 1950, orðist svo:

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Orðið „Djúpmælar“ í 3. gr. laga nr. 87 15. desember 1952, falli niður. •

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. desember 1950 og laga nr. 87 15. desember 1952, inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa löginn út þannig breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1.—4. gr.

Lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, var breytt með lögum nr. 87 15. desember 1952, og þá ákveðið að gefa út löginn á ný með áorðnum breytingum.

Hins vegar hefur komið í ljós, að í lögnum eru enn nokkur atriði, sem rétt er að breyta, áður en ráðið er í að gefa löginn út að nýju, og eru það aðallega atriði, sem stafa af aðskilnaði atvinnumála- og samgöngumálaráðuneytisins, sem varð 1. júlí 1947, og hefur stýrimannaskólinn síðan heyrt undir samgöngumálaráðuneytið, ásamt siglingamálum.

Um 5. gr.

Við stýrimannaskólann starfa nú auk skólastjóra 4 fastráðnir kennarar, einn í tungumálum, hinir í siglingafræði. Hin öra þróun siglingatækninnar á síðari árum krefst æ meiri og viðtækari menntunar kennara í þessum fræðum, og því er síður hægt nú en áður að fela kennsluna öðrum en þeim, sem notið hafa nokkurrar framhaldsmenntunar í þessum greinum. Allir núverandi kennarar skólans í siglingafræði hafa og notið slíkrar framhaldsmenntunar að meira eða minna leyti.

Nemendur í skólanum eru nú að jafnaði um og yfir 150 á ári hverju, og vegna þessa mikla nemendafjölda eru hinir þrjú siglingafræðikennarar störfum hlaðnir allan veturinn og hafa orðið að kenna um 15 stundir á viku, auk skyldukennslunnar, eða samtals allmiklu fleiri stundir en nemur skyldukennslu eins kennara. Þar sem hér er fátt um menn með viðtækari menntun í siglingafræði en veitt er hér við skólann, og hinir fáu, sem um er að ræða, hafa öðrum störfum að gegna, er nær ókleift að fá hæfan kennara til að hlaupa í skarðið, ef um forföll einhvers hinna föstu kennara er að ræða. Þetta ástand þykir ótryggt og óviðunandi, og því nauðsynlegt, að lögnum um stýrimannaskólann verði breytt þannig, að í stað fjögurra verði fastir kennarar við stýrimannaskólann 5, auk skólastjóra, þar af 4 kennarar í siglingafræði.

Um 6. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans hefur óskað eftir þessari breytingu á lögnum.